

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 487/1993.

Björgvin Halldórsson

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Páli Jóhannssyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Lausafjárkaup. Umboðsviðskipti. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1993. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar er greint, hafði stefndi milligöngu um kaup áfrýjanda á skurðgröfu frá Noregi vorið 1989 í kjölfar þess, að stefndi auglýsti í dagblaði aðra slíka vél til sölu. Ber aðilum hvorki saman um, hver hafi verið staða stefnda við þá milligöngu né um hvað hafi verið samið, að skyldi vera heildargreiðsla áfrýjanda í þessum kaupum. Heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi litið á stefnda sem umboðsmann hins norska seljanda vélarinnar við kaupin. Hafi stefnda borið einhver greiðsla fyrir milligönguna, væri það mál stefnda og umbjóðanda hans. Stefndi heldur því hins vegar fram, að beinlínis hafi verið um það samið, að áfrýjandi skyldi við kaupin greiða reikning hins norska seljanda, annan kostnað, sem af kaupunum leiddi, auk hinna umdeildu 500.000 króna, sem skyldu falla í sinn hlut sem þóknun og endurgreiðsla útlagðs kostnaðar.

Til grundvallar dómi verður litið til þess, að áfrýjandi greiddi allan þann kostnað, sem til féll vegna kaupanna, og þar á meðal hina umdeildu fjárhæð, án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar á því stigi af hans hálfu. Eftir að áfrýjandi hafði þannig greitt stefnda

500.000 krónur í lok apríl 1989, aflaði hann bankaábyrgðar fyrir greiðslu á reikningi hins erlenda seljanda vélarinnar, sem greiddur var 12. júní sama ár. Aðflutningsgjöld voru greidd í ágúst það ár auk flutningsgjalda til Skipadeildar Sambandsins. Er ljóst, að áfrýjandi hefur eigi síðar um sumarið 1989 mátt gera sér grein fyrir hver heildarútgjöld hans yrðu vegna kaupanna að meðtalinni hinni umdeildu greiðslu. Gegn mótmælum stefnda hefur hann ekki sýnt fram á, að athugasemdum hafi verið hreyft af hans hálfu fyrr en löngu síðar.

Í ljósi þessarar framgöngu áfrýjanda í kjölfar samningsgerðar aðila brestur þegar skilyrði fyrir því að taka kröfur hans til greina. Að þessu virtu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björgvin Halldórsson, greiði stefnda, Páli Jóhannssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. september 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. september 1993, hefur Björgvin Halldórsson, kt. 190420-7369, Grandavegi 47, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29. mars 1993, gegn Páli Jóhannssyni, kt. 181240-3699, Norðurvangi 42, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 500.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 5. 1989 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 5. 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Einnig er krafist málskostnaðar eftir mati dómsins. Auk þess er gerð krafa um virðisaukaskatt á málskostnað.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar til muna. Stefndi krefst einnig málskostnaðar að mati dómsins og virðisaukaskatts á málskostnað.

II.

Mál þetta er til komið vegna kaupa á notaðri skurðgröfu frá Noregi. Stefndi, Páll, telur sig hafa keypt vélina og selt stefnanda. Stefndi, Björg-

vin, telur, að stefndi hafi einvörðungu verið „milligöngumaður“ við kaupin. Hann telur, að stefndi hafi ranglega tekið sér 500.000 krónur, sem hafi átt að ganga til hins norska seljanda upp í kaupverðið. Í málinu endurkrefur stefnandi um þessa fjárhæð.

Stefndi, Páll, kveður umsamið kaupverð að fullu greitt og ekkert umfram það. Stefnandi eigi því ekki rétt á neinni endurgreiðslu. Málsýfing þessi sé því tilefnislaus.

Í málinu er þannig deilt um það hvort tveggja, hvers eðlis réttarsamband málsaðila sé og hvert hafi verið efni sammings þeirra.

Enginn tölulegur ágreiningur er í málinu. Er óumdeilt, að fjárhæðir þær, sem stefnandi greiddi, voru þessar:

Greiðsla		Fjárhæð,
fór fram	Efni reikninga	ísl. kr.
27. apríl 1989	Kvittun stefnda, Páls, dags. 27. 4. '89. Texti: Innborgun á CAT 225 SER NR 764 1993	kr. 500.000
12. júní 1989	Reikningur Brödrene Bjugstad, dags. 26. maí 1989, stílaður á Björgvin Halldórsson fyrir 1 stk. CAT 225 model 1979, n. kr. 180.000, gengi 7.9049	– 1.422.882
28. ágúst 1989	Tollur og söluskattur	– 913.047
28. ágúst 1989	Skipadeild Sambandsins, flutningsgjald	– 279.824
	Samtals	kr. 3.115.753

Stefndi telur umsamið kaupverð milli sín og stefnanda hafa verið 500 þúsund kr. að viðbættu kostnaðarverði vélarinnar, eins og það yrði í raun, samtals 3.115.753 kr.

Stefnandi telur kaupsamning sinn hafa verið við hinn norska seljanda. Kaupverðið til hans kveðst hann hafa orðið að greiða að fullu ásamt tolli og flutningsgjaldi, samtals 2.615.753 kr., til þess að fá vélina afhenta. Þar sem stefndi hafi veitt innágreiðslu, að fjárhæð 500.000 kr., upp í vélarverðið við viðtöku og ekki staðið hinum norska seljanda skil á þeirri fjárhæð, eigi hann að endurgreiða sér hana. Stefnandi mótmælir því eindregið, að stefndi hafi áskilið sér þóknun, sölubóknun eða umboðsþóknun. Þar sem sérstakur samningur þar um hafi ekki komist á og það sé viðskiptavenja, að seljandi greiði umboðsmanni sölubóknun, ef um slíka þóknun sé að ræða, sé það mál stefnda og hins norska seljanda að gera hana upp sín á milli. Sér sé það uppgjör þeirra algerlega óviðkomandi.

III.

Báðir málsaðilar höfðu gert út þungavinnuvélar á höfuðborgarsvæðinu um árábil, en þó ekki átt nein viðskipti eða samvinnu sín á milli. Stefnandi, Páll, kveðst áður hafa flutt inn nokkrar notaðar vélar bæði fyrir sig og aðra, m. a. keyptar af Brödrene Bjugstad a/s, Bröttum í Noregi. Dagana 1. og 2. apríl 1989 setti hann í Dagblaðið smáauglýsingu: „CAT 225, árg. 77, til sölu...“, lýsti vélinni nánar og gaf upp símanúmer sitt. Verð var ekki tilgreint í auglýsingunni. Stefnandi, Björgvin, las þessa auglýsingu og hringdi. Hin auglýsta vél var þá seld. Hvað aðilum fór nákvæmlega á milli, er ekki upplýst eða réttara sagt umdeilt, en ljóst er, að úr varð, að önnur vél yrði flutt inn, árg. 1979.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu handskrifað blað, dags. 10. 5. 1989, undirritað af stefnda, Páli, svohljóðandi:

„Varðar kaup á CAT 225, SER NR 764 1993

Verð n.kr. 180.000 × 7,9049 gengi í DV 10/5 '89	kr.	1.422.882
Flutningur	–	168.000
	kr.	1.590.882
Tollur 20%	kr.	318.176
	kr.	1.909.058
Sölusk. 27,5%	kr.	524.991
	Kr.	2.434.049

Þetta verð miðast við gengi 10/5 89, komin á bakka í Rvík.“

Aðila greinir ekki á um, að þessir útreikningar hafi verið áætlun, en ekki umsamið endanlegt kaupverð. Þessi áætlun stóðst að því leyti, er varðar verð til hins norska seljanda, en flutningskostnaður varð hærri og því afleiddir liðir einnig.

Stefnandi bendir á, að þarna er ekki getið um neina viðbótargreiðslu til stefnda, og telur það styðja þá fullyrðingu sína, að um slíka greiðslu hafi aldrei verið samið.

Fram er lögð í málinu, svo sem áður er að vikið, kvittun stefnda til stefnda, dags. 27. 4. 1989, með textanum: „Innborgun á CAT 225, SER NR 764 1993 kr. 500.000.“ Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi tjáð sér, að þessa fjárhæð yrði hann að greiða inn á söluverð hins norska seljanda til

þess að staðfesta kaupin. Það standi raunar skýrum stöfum í texta kvittunarinnar, að svo sé. Í síðar gerðri áætlun frá 10. 5. 1989 komi fram yfirlit um heildar kaupverð. Kveðst stefnandi hafa litið svo á, að hann væri búinn að greiða 500.000 kr. upp í fyrsta lið í þeirri áætlun.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram, að það hafi algerlega legið ljóst fyrir, að greiðslan 27. apríl 1989 væri viðbótargreiðsla við kostnaðarverð vélarinnar. Hann hafi verið að selja stefnanda vél, sem hann var búinn að fá loforð fyrir og ætlaði að kaupa af hinum norska aðila. Umsamið kaupverð til stefnanda hafi verið þessar 500.000 kr. að viðbættu kostnaðarverði, þ. e. kaupverði vélarinnar í Noregi, n. kr. 180.000, á gengi yfirfærsludags, flutningskostnaði, tolli og söluskatti, eins og þeir liðir yrðu í raun. Orðið „innborgun“ sé því fullkomlega eðlilegt. Stefnandi hafi verið að greiða seljanda, stefnda, hluta af umsömdu verði.

Mánuði eftir að umrædd 500 þúsund króna greiðsla fór fram og hálfum mánuði eftir að áætlun um kostnaðarverð var gerð, 26. maí 1989, undirritaði hinn norski seljandi staðfestingarbréf fyrir sölu vélarinnar, og er stefnandi í máli þessu, Björgvin Halldórsson, þar tilgreindur sem kaupandi. Vörureikningur, dags. 26. maí, farmskírteini, dags. sama dag, reikningur skipafélags, dags. 5. júní, og tollpappírar, dags. afhendingarnúmers 30. 5. 1989, eru, sem áður er greint, í öllum tilvikum stílaðar á stefnanda, Björgvin, en ekki á stefnda, Pál.

Stefndi kveður þessa aðferð vera í samræmi við viðskiptavenju í tilvikum sem þessu. Ef kaupandi sé fenginn að vél, sem verið er að flytja inn, horfi það til einföldunar að flytja vélina inn á hans nafni. Þegar söluverð innflytjandans til hins innlenda kaupanda sé tiltekin umsamin fjárhæð að viðbættu innflutningsverði, horfi það til hagræðis, að hinn endanlegi kaupandi greiði vörureikning og annað kostnaðarverð beint án milligöngu seljanda, innflytjanda.

Stefndi hefur á það bent, að aðflutningsgjöld hefðu orðið hærrí, ef sú leið hefði verið farin, að hinn norski seljandi greiddi sér sölubókun og þeirri fjárhæð verið bætt við vörureikning. Sú leið, sem farin var, hafi því verið stefnanda hagkvæm, aðflutningsgjöld hafi orðið lægri.

Stefndi bendir á, að hann hafi haft verulegan beinan kostnað af innflutningi vélarinnar. Hann kveðst hafa sent starfsmann sinn til Noregs til að skoða vélinu, greitt auglýsingar o. s. frv. Hann áætlar þennan útlagða kostnað 250.000 kr., en hefur engum gögnum stutt þá áætlun.

Upplýst er, að stefnandi, Björgvin, setti bankaábyrgð fyrir vörureikningi, þ. e. söluverði hins norska aðila.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi borið fram kvart-

anir eða kröfur vegna umræddra viðskipta, fyrr en þáverandi lögmaður hans ritaði stefnda kvörtunar- eða kröfubréf 16. mars 1992.

Álit dómsins.

Með fram lögðum skjölum í málinu er það sannað, að kaupsamningur um vélina var milli stefnanda, Björgvins, og hins norska seljanda, Brödrene Bjugstad a/s. Stefndi, Páll, varð aldrei eigandi vélarinnar og gat því ekki orðið seljandi hennar. Það er einnig ljóst af skjölum málsins, að gagnvart hinum norska seljanda kom stefndi fram sem umboðsmaður kaupanda, Björgvins Halldórssonar.

Hinn 27. apríl 1989 greiddi stefnandi stefnda 500.000 kr. Mánuði síðar setti hann bankaábyrgð fyrir öllum vörureikningnum. Það samrýmist því illa, að stefnandi hafi þá talið sig vera búinn að greiða inn á vörureikninginn. Ef hann taldi, að rúmlega þriðjungur af vörureikningnum væri greiddur, verður ekki séð, að hann hafi haft skynsamlega ástæðu til að leggja í þann kostnað að kaupa bankaábyrgð fyrir honum öllum.

Stefnanda mátti ljóst vera, þegar hann tók við áetlun stefnda um kaupverð vélarinnar 10. maí 1989, að þar var ekki dregin frá nein innborgun, jafnframt, að þar var ekki tilgreind nein þóknun eða endurgreiðsla útlagðs kostnaðar til stefnda fyrir milligöngu hans við að koma kaupum á. Stefnandi gat ekki vænst þess, að stefndi ætlaði sér að koma þessum kaupum á án sanngjarnrar þóknunar.

Á níunda áratugnum gerði hópur manna sér það að lítills háttar auka-búgrein að flytja inn notaðar vélar, einkum þungavinnuvélar, vörubíla, jeppa, húsbíla og önnur slík tæki, þar sem árgerð skipti minna máli en ástand tækisins. Þessi innflutningur blómstraði til ársins 1988, en dróst þá saman vegna breyttra tollreglna og efnahagsaðstæðna í landinu. Stefnandi hafði gert út vinnuvélar og hlýtur að hafa verið kunnugt um viðskiptahætti í þessari grein. Þeir voru iðulega með þessum hætti: Umboðsmaðurinn er í viðskiptasambandi erlendis eða fer utan og finnur tæki, sem er til sölu. Hann hefur kaupanda eða finnur kaupanda hérlendis. Tækið er síðan flutt inn á nafni kaupandans, og hann greiðir vörureikning, reikning skipafélags og aðflutningsgjöld án milligöngu umboðsmanns. Hann greiðir umboðsmanni þóknun. Sú þóknun er ýmist greidd, áður en gengið er frá kaupum við hinn erlenda seljanda, eða umsamin og greidd eftir á.

Samkvæmt fram lögðum gögnum í málinu og þar sem það samrýmist viðskiptavenju, verður að líta svo á, að stefndi hafi verið umboðsmaður kaupanda, stefnanda, við innflutning þann, er mál þetta er risið af. Umboðsmaðurinn átti rétt til sanngjarnrar þóknunar, þar sem m. a. væri tekið tillit til útlagðs kostnaðar. Ekki er fram komið, að fjárhæð sú, er mál þetta snýst

um, hafi verið bersýnilega ósanngjörn þóknun. Það getur ekki ráðið úrslitum í máli þessu, að stefndi skráði á kvittun þá, sem hann gaf út, er hann veitti umræddri þóknun viðtöku, texta, sem alls ekki átti við. Stefnanda mátti vera ljóst, að þarna var um mistök að ræða. Með tilliti til alls þessa svo og reglnanna um endurheimt ofgreidds fjár og reglnanna um tómlætisverkanir ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með tilliti til hins klaufalega orðalags á kvittun þeirri, er stefndi gaf út 27. apríl 1989, þykir stefnandi hafa haft nokkurt tilefni til þess að láta reyna á rétt sinn til endurgreiðslu, og á stefndi því ekki rétt á málskostnaði.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Björgvins Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
